


# Barnvæn Borgarbyggð



**BORGARBYGGÐ**



# Áskorun frá nemendum

Veturinn 2018-2019 unnu nemendur yngsta og miðstigs Kleppjárnsreykjadeildar Grunnskóla Borgarfjarðar að þema árshátíðar um mannréttindi með sérstaka áherslu á réttindi barna.

Í undirbúningi árshátíðarinnar kom fram sú hugmynd að skora á sveitarstjórn Borgarbyggðar að innleiða formlega Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Gunnlaugi A. Júlíussyni sveitarstjóra, Halldóru Lóu Þorvaldsdóttur og Lilju B. Ágústsdóttur fulltrúum sveitarstjórnar voru afhent áskorunin við stutta athöfn í matsal Grunnskóla Borgarfjarðar-Kleppjárnsreykjum.



# Kynningarfundur

Forstöðumenn stofnana Borgarbyggðar, sveitarstjórnarmenn og aðrir áhugasamir voru boðaðir á kynningarfund um innleiðingu Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna í Borgarbyggð í nóvember 2019.

Hjördís Eva Þórðardóttir verkefnastjóri UNICEF á Íslandi gerði grein fyrir ferlinu sem innleiðingin felur í sér.



# Grunnþættir barnvæns sveitarfélags

Barnvænt sveitarfélag skuldbindur sig til þess að innleiða Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og vinna markvisst eftir hugmyndafræði verkefnisins - sem byggir á eftirfarandi grunnþáttum:

- Þekkingu á réttindum barna.
- Því sem barninu er fyrir bestu.
- Jafnræði - að horft sé til réttinda allra barna.
- Þátttöku barna.
- Barnvænni nálgun.



# Undirritun samnings

Í mars 2020 ríkti mikil eftirvænting í Borgarbyggð þegar Ásmundur Einar Daðason félags- og barnamálaráðherra, Bergsteinn Jónsson, framkvæmdastjóri UNICEF á Íslandi, og Magnús Smári Snorrason formaður fræðsluráðs Borgarbyggðar, undirrituðu samstarfssamning um verkefnið *Barnvæn sveitarfélög*.

Með undirskriftinni bætist Borgarbyggð í ört stækkandi hóp sveitarfélaga sem hefja innleiðingu Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna með stuðningi félagsmálaráðuneytisins og UNICEF á Íslandi.



# Stýrihópur stofnaður

Stýrihópur verkefnisins Barnvænna samfélaga er skipaður eftirfarandi fulltrúum:

- Verkefnastjóra Barnvænna samfélaga
- Sviðsstjóra fjölskyldusviðs
- Sviðsstjóra fjármála- og stjórnsýslusviðs
- Sviðsstjóra umhverfis- og skipulagssviðs
- Tveimur fulltrúum sveitarstjórnar
- Fjórum fulltrúum ungmennaráðs



# Hlutverk stýrihóps

- Hlutverk stýrihópsins er að samræma og stýra innleiðingu Barnasáttmálans innan sveitarfélagsins.
- **Fundur með aðilum frá UNICEF og farið yfir gátlista 31. ágúst nk.**



# Innleiðingarferlið

Innleiðingarferlið tekur tvö ár og skiptist í 8 skref, sem sveitarfélag stígur með það að markmiði að virða og uppfylla réttindi barna.

Að tveimur árum liðnum, getur sveitarfélag sótt um viðurkenningu frá UNICEF á Íslandi. Viðurkenningin er háð því að starfsfólk UNICEF meti sem svo að innleiðingarferlið hafi verið réttindum barna í sveitarfélaginu til framdráttar og að aðgerðaáætlun verkefnisins hafi verið fylgt eftir.

Til að viðhalda viðurkenningunni þarf sveitarfélag að halda innleiðingunni áfram, setja sér ný markmið og óska eftir nýju mati að tveimur árum liðnum. málæfni alla skólagöngu barnsins.





# Kortlagning

Kortlagningin er eitt mikilvægasta skrefið þegar kemur að því að innleiða Barnasáttmálann innan sveitarfélags.

Hún felur í sér umtalsverða gagnasöfnun um líðan, lífsskilyrði og réttindi barna svo hægt sé að búa til mælikvarða á velferð og réttindi barna í sveitarfélaginu.

Sá mælikvarði er í kjölfarið nýttur sem grunnur fyrir aðgerðaáætlun verkefnisins og viðmið fyrir frekari stefnumótun sveitarfélagsins.

Kortlagningin er stöðugreining á lífsskilyrðum barna í sveitarfélaginu.

Ein af grundvallarforsendum Barnasáttmálans er jafnræði – bann við mismunun. Til að sveitarfélag geti innleitt þessa forsendu og unnið markvisst að því að auka jafnræði meðal barna er nauðsynlegt að eiga gagnagrunn með tölfræðilegum upplýsingum.

Með kortlagningunni er ekki síst horft til þess að greina hvaða hópar barna eigi mest á hættu að falla á milli fjalanna innan sveitarfélagsins.

Kortlagningin felst meðal annars í spurningalistum sem unnir eru af UNICEF í samstarfi við fræðimenn. Spurningalistarnir eru sniðnir að ólíkum aldurshópum barna, foreldrum og starfsmönnum sveitarfélagsins. Sveitarfélögum er í sjálfsvald sett hvort þau bæti spurningum við listana, slíkt getur verið áhugavert og veitt ítarlegri upplýsingar um stöðu barna í sveitarfélaginu.

# Fræðsla

Til að innleiðing Barnasáttmálans nái fótfestu innan sveitarfélagsins, verði sjálfbær og leiði af sér breytingar til batnaðar fyrir börn er nauðsynlegt að sáttmálinn sé vel þekktur meðal barna og fullorðinna.

Til að sáttmálinn öðlist merkingu og nýtist sem hagnýtt verkfæri innan sveitarfélagsins er þörf á fræðslu um hvernig sáttmálinn tengist daglegu lífi barna og ungmenna – það þarf að setja hann í samhengi við verkefni sveitarfélagsins og börnin sem þar búa.

**Hálf dagsnámskeið fyrir stýrihóp, kjörna fulltrúa, sviðsstjóra og umsjónarmann 11. september nk.**

**Hálf dagsnámskeið fyrir ungmennaráðið 11. september nk.**

Einnig hefur starfsfólk leikskóla og grunnskóla kallað eftir námskeiði á sameiginlegum starfsdegi.



# Aðgerðaáætlun - Val á markmiðum og aðgerðum

Stýrihópurinn mótar aðgerðaáætlun verkefnisins með hliðsjón af niðurstöðu kortlagningarinnar í 2. skrefi.

Aðgerðaáætlunin útlistar með skýrum hætti markmið sveitarfélagsins með innleiðingunni og þeim aðgerðum sem þörf er að ráðast í til að innleiða Barnasáttmálann. Aðgerðaráætlunin inniheldur:

- Skýr markmið.
- Afmarkaðar aðgerðir sem miða að því að ná markmiðunum.
- Skilgreinda ábyrgðaraðila með hverri aðgerð.
- Tímaáætlun.
- Hlutverk og þátttaka barna og ungmenna í framkvæmdinni séu vel skilgreind.

Sveitarstjórn samþykkir áætlunina formlega og sér til þess að hún sé vel kynnt, jafnt íbúum á öllum aldri sem og starfsmönnum sveitarfélagsins



# Framkvæmd

Stýrihópurinn heldur utan um framkvæmd aðgerðaáætlunarinnar í samstarfi við sveitarstjórn og þau svið/stofnanir sem áætlunin snertir.

Stýrihópurinn sér jafnframt til þess að sveitarstjórn, starfsfólk og íbúar sveitarfélagsins séu upplýst um framgang verkefnisins.

Þarna er ekki síst mikilvægt að stýrihópurinn tryggji að börn og ungmenni hafi aðgang að upplýsingum um innleiðinguna og geti komið sjónarmiðum sínum á framfæri.

Einnig skiptir máli að stýrihópurinn hafi í huga hvernig stuðlað sé að þátttöku barna og ungmenna í þeim aðgerðum sem aðgerðaáætlunin nær til, sérstaklega ungmennaráð sveitarfélagsins.




# Skýrsla

Þegar aðgerðaáætlun sveitarfélagsins telst uppfyllt (miðað við tveggja ára innleiðingartíma að lágmarki) skilar sveitarfélagið skýrslu til UNICEF um framgang verkefnisins.

Í skýrslunni er lagt mat á hvernig hafi gengið að uppfylla aðgerðaáætlunina og hvort sveitarfélagið hafi uppfyllt þær kröfur sem gerðar eru til barnvænna sveitarfélaga.

Í skýrslunni gerir sveitarfélagið grein fyrir þeim þáttum innleiðingarferlisins sem gengu vel og þeim sem hefðu mátt ganga betur.



# Mat og viðurkenning

Viðurkenning barnvænna sveitarfélaga byggir á mati á innleiðingarferli sveitarfélags. Þar er horft til niðurstöðu eftirfylgni- og lokafunda með stýrihóp verkefnisins, skýrslu stýrihópsins og sérstakri barnaskýrslu.

Í matinu er horft til eftirfarandi þátta:

- Samsetningar stýrihópsins og verkefna hans.
- Þátttöku barna og ungmenna í skipulagningu og framkvæmd.
- Kortlagningar á stöðu sveitarfélagsins með hliðsjón af réttindum barna.
- Undirbúnings fyrir gerð aðgerðaáætlunar.
- Framkvæmdar aðgerðaáætlunar.



# Endurmat og ný verkefni

Viðurkenning barnvænna sveitarfélaga gildir í þrjú ár. Ef sveitarfélag vill viðhalda viðurkenningunni þarf að halda innleiðingunni áfram, setja ný markmið og gera nýja aðgerðaáætlun. Mikilvægur þáttur í þessu ferli er að draga lærdóm af fyrra innleiðingartímabilinu, skoða athugasemdir við lokaskýrsluna, mat starfsfólks UNICEF á innleiðingarferlinu o.s.frv.

Á þessu stigi er ástæða til að staldra við og leggja mat á innleiðingarferlið og hvaða lærdóm megi draga af vinnunni við að innleiða Barnasáttmálann. Til dæmis getur verið þörf á að huga að samsetningu stýrihópsins eða breyta nálgun hans að verkefninu. Að sama skapi er mikilvægt að líta á þátttöku barna og ungmenna í verkefninu og skoða hvað hægt sé að gera betur og hvernig auka má þátttöku þeirra.

Nýtt innleiðingartímabil hefst formlega með vinnu við gerð nýrrar aðgerðaáætlunar, nýjum markmiðum og aðgerðum. Þegar sú aðgerðaáætlun hefur verið uppfyllt (miðað er við þrjú ár frá veitingu viðurkenningarinnar) getur sveitarfélagið sótt um nýtt mat og endurnýjun viðurkenningarinnar.

Ef framkvæmd nýju aðgerðaáætlunarinnar er í samræmi við markmið áætlunarinnar endurnýjast viðurkenningin til þriggja ára í viðbót.

# Spurningar?

